

Dresden yfirlýsingin gegn nauðungarmeðferð í geðlækningum

7.6.2007

ENUSP, Evrópusamtök (fyrrum) notenda og þeirra sem hafa lifað af meðferðir á geðsjúkrahúsum (að meðtalinni þýsku deildinni Bundesverband Psychiatrie-Erfahrener) með systursamtökum sínum, WNUSP, the World Network of Users and Survivors of Psychiatry, í náinni samvinnu við MindFreedom International, senda frá sér þessa yfirlýsingu til að kynna sameiginlegt álit okkar á valdbeitingu í geðlækningum, en ráðstefna The World Psychiatric Association (WPA)

“Nauðungarmeðferð í geðlækningum: Altækt endurmat”, verður haldin í Dresden í Þýskalandi dagana 6 – 9 júní. Samtök okkar eru í einstakri aðstöðu til að tjá sig um þetta málefni vegna þess að við höfum sjálf reynslu af nauðungarmeðferð í geðlækningum og vitum hversu mikill skaði hefur hlotist af þeirri meðferð í lífi okkar, félagsmanna okkar, starfsfélaga og vina.

Samtök okkar munu senda fulltrúa frá allmörgum þjóðlöndum til þátttöku í WPA ráðstefnunni, markmiðið er að persónugera þolendur þessarar meðferðar, sýna andlit þeirra einstaklinga sem reynt hafa. Við teljum að þolendur nauðungarmeðferða innan geðlækninga eigi siðferðilegan rétt á að skrifa hina endanlegu ályktun varðandi slíka nauðung.

Við stöndum saman um að krefjast þess að valdbeitingar- og nauðungarmeðferð innan geðlækninga verði hætt og þróun óhefðbundinna aðferða við geðlækningar verði stóraukin.

Við bendum sérstaklega á nýlega samþykkt Aðalfundar Sameinuðu Þjóðanna, “Sáttmála um réttindi fatlaðra” sem skrifaður var í samráði við fulltrúa mannréttindasamtaka sem höfðu persónulega reynslu af geðheilbrigðiskerfinu. Við teljum að þjóðum heims og kjörnum fulltrúum þeirra beri að samþykkja þennan sáttmála án tafar, og staðfesta með því að eins skuli koma fram við alla menn og engum skuli neitað um frelsi til að velja og taka ákvarðanir er snerta eigið líf og heilsu á grundvelli fötlunar eða sjúkdóms.

Við höfum öll rétt til að neita hefðbundinni meðferð geðlækna, á grundvelli þessa Sáttmála en þar er viðurkenndur réttur einstaklings á upplýstu samþykki án nokkurrar óréttlátrar mismununar vegna vanhæfni af völdum sjúkdóms. Enn mikilvægara er að sáttmálinn tryggir fólki með fötlun eða sjúkdóma réttinn til að taka sínar eigin ákvarðanir á jafnréttisgrundvelli, og býður stjórnvöldum að leggja einstaklingum til aðgang að óvilhöllum stuðningi í ákvarðanatöku af þessu tagi fyrir þá sem þess þurfa.

Við vekjum athygli á því að Alþjóðaheilbrigðismála stofnunnin (WHO hefur lýst andstöðu sinni á raflostsmeðferð án meðvitaðs samþykkis sem einnig þekkist undir nafninu ECT (electro-convulsive therapy). Raflostsmeðferð án samþykkis er að aukast í heiminum, einnig í fátækum og vanþróuðum löndum þar sem aðgerðin er að öllum líkindum framkvæmd án svæfingar. Við krefjumst því sérstaklega að raflostsmeðferðir án samþykkis verði bannaðar í öllum löndum heims.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Evrópuráðið (European Commission) hafa einnig lýst yfir þörfinni fyrir þróun nýrra fordómalausra sjálfshjálparmöguleika fyrir einstaklinga undir tilfinningalegu álagi.

Samtök einstaklinga fyrrum notenda geðheilbrigðisþjónustunnar hafa tekið leiðandi stöðu í þróun sjálfshjálparhópa sem byggjast á jafnrétti og valmöguleikum í stað nauðungar, þessi meðferðarform hafa reynst árangursrík og hjálpa einstaklingum að lifa eðlilegu lífi sem fullgildir þegnar í samfélaginu. Við vitum að bati getur aðeins hafist og þróast þar sem borin er virðing fyrir einstaklingnum sem manneskju með frjálstan vilja, þar sem eru meðferðarmöguleikar umfram hefðbundnar geðlækningar, í meðferð sem er grundvölluð á siðferðilegri nálgun, meðferð sem hefur heildræna sýn og styður við bata, meðan valdbeiting gerir bata ómögulegan.

Við höfum tekið eftir því að í mörgum löndum heims er nauðungarmeðferð og valdbeiting í geðlækningum að aukast. Meðal annars hlýtur fólk sem býr á eigin heimili meðferðardóma sem krefjast þess að einstaklingurinn taki geðlyf gegn vilja sínum eða sé sviptur frelsi. Þetta er skýrt brot á Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Við bjóðum öllum stuðningsmönnum mannréttinda að slást í hópinn og veita okkur stuðning í kröfum okkar um að valdbeitingu og nauðungarmeðferð í geðlækningum verði hætt tafarlaust. Við förum einnig frammá fjárahagslegan stuðning fyrir sjálfboðavinnuhópa og óhefðbundnar meðferðastöðvar sem byggja á virðingu, mannkærleika og reisn einstaklingsins sem mótvægi við hefðbundnar geðlækningar.

Judi Chamberlin

Peter Lehmann

Fyrir hönd:

European Network of (ex-)Users and Survivors of Psychiatry (ENUSP),
Zabel-Krüger-Damm 183, 13469 Berlin, Germany, www.enusp.org

World Network of Users and Survivors of Psychiatry (WNUSP), Klingenberg 15, 2th.,
5000 Odense, Danmark, www.wnusp.net

MindFreedom International (MFI), 454 Willamette, Suite 216- POB 11284, Eugene,
OR 97440-3484, USA, www.mindfreedom.org

Bundesverband Psychiatrie-Erfahrener (BPE), Wittener Str. 87, 44789 Bochum, Germany,
www.bpe-online.de